

Bókafundur hjá Beta deild heima hjá Ingibjörgu Auðuns að Eikarlundi 4, 14. janúar 2014. Mættar voru 19 konur.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Fundargerð síðustu funda lesin.
4. Erindi frá stjórn.
5. Kynning á konum.
6. Bókaumræður
7. Kaffi og happdrætti
9. Fundi slitið.

1. Jónína setti fund og Ragnheiður Stefánsdóttir kveikti á kertum. Jónína þakkaði Ingibjörgu fyrir að hýsa okkur annað árið í röð og einnig flutti hún kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar. Minnie var með orð til umhugsunar og sagði okkur frá uppáhalds bókum sínum síðastliðin 46 ár. En það eru byrjendabækur í lestri. Minnie tjáði okkur að hún vilji alls ekki meina að þetta séu innihaldslausar bækur langt því frá og kom með mörg dásamleg dæmi um það hvað þessar bækur eru ótrúlega góðar og ná til manns þó textinn sé minimalískur. Þær hafa að geyma sögur um t.d. útrásarvíkinga, bjartsýni kennarans, fyrstu ástina og endurgoldna ást, offituvandamál, drykkjuvandamál, niðurlægingu mannsins og kvótakónga svo eitthvað sé nefnt. Dásamleg samantekt á íslensum bókmenntum í grunnskólum.

3. Fundargerðir síðustu funda voru lesnar og voru þær samþykktar.

4. Erindi frá stjórn. Ef einhverjar athugasemdir berast frá Betakonum um inntöku nýrra kvenna í deildina þá munu stjórn og útbreiðslunefnd ræða það, annars verður kosið um þær á næsta fundi þ.e. ef engar athugasemdir berast.

Þann 9.- 11. maí verður haldið vorþing á Ísafirði og var gerð óformleg könnun á því hve margar konur ætla á þingið, því við þurfum að panta herbergi fyrir 12. febrúar.

Eftir erindið frá stjórninni tók undirbúningsnefnd þessa fundar við en það voru þær Ingibjörg Auðuns, María Steingríms, Jórunn Elíðóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir og Minnie Eggertsdóttir.

5. Kynning á konum. Fríða Pétursdóttir kynnti tvær konur og Eygló eina.

6. Bókaumræður. María Steingríms tók að sér að stjórna bókaumræðunum og var það óaðfinnanlegt og mjög vel stjórnað :) Þegar hringurinn var u.þ.b. hálfnaður tókum við okkur hlé á umræðunum og fengum okkur kaffi og bakkelsi sem var í boði þeirra Eyglóar, Fríðu, Önnu Þóru og Ragnheiðar Sigurðard. Happdrættisvinninginn fékk Anna Þóra og pyngjan góða var látin ganga.

7. Önnur mál: Leshringurinn verður haldinn í mars og var ákveðið að lesa eina íslenska bók og eina erlenda og voru bækurnar Mánasteinn eftir Sjón og Í trúnaði eftir Héléne Grémillon fyrir valinu.

8. Jónína þakkaði undirbúningsnefndinni og kaffinefnd fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 22:00

Ritari: María Gunnarsdóttir